

Umhverfisstofnun
Áb. <u>TB</u>
<b>12 DES. 2006</b>
<u>45.10</u>
Tilv <u>UST20061100114</u>

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 8. desember 2006

Tilvísun: UST20061100114/tb

### **Efni: Sjókvíaelði á laxi fyrir utan Ystuvík, Grýtubakkahreppi í Eyjafirði**

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 20. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu á sjókvíaelði Íslandslax hf. við Ystuvík, Grýtubakkahreppi, í samræmi við lög nr 106/2000 og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005.

#### **Framkvæmdalýsing og umhverfisaðstæður:**

Gert er ráð fyrir hámarks lífmassa 1500 tonn á ári í tveimur kvíaþyrpingum, 900 tonn verða í þeirri kvíaþyrpingu sem slátra á úr og um 600 tonn í þeirri kvíaþyrpingu sem verið er að ala smálax. Þyrpingarnar verð staðsettar við Ystuvík, tæplega 400 metra og 1 kílómetra frá landi þar sem sjávardýpi er um 43 m við Ystuvík og 41 m við Stapa. Kvíarnar verða í um 6,3 til 7,3 km fjarlægð frá Fnjóská mælt á korti (meðal veiði 240 laxar á ári) og 1,9 km frá friðlýstum hverastrýtum. Fyrirhugað er að nota laxastofn frá Stofnfiski hf. (*Mowi, Bolaks*) sem hefur verið notaður hér við land í 20 ár og hefur hlotið íslenska heitið Saga. Botnrannsóknir sem hafa verið gerðar hafa leitt í ljós að botninn sé setlagsbotn og ekki einstakur hvað lífríki varðar og að hann beri ummerki sterkra strauma. Eyjafjörður er ekki friðaður fyrir eldi laxfiska í sjókvíum skv. reglugerð nr. 460/2004.

Lenka - viðtakamat (skv. innsendum gögnum) gefur til kynna að vatnaskiptin í Eyjafirði taki um fjórar vikur. Nettó burðarþol m.t.t. fiskeldis er talið vera 38.343 tonn fisk/ári m.v. 90,5 kg (N)/tonn fisk eða 3.470 tonn(N)/ár. Sú losun sem á sér stað í dag er um 11,5 % af því köfnunarefni sem fjörðurinn getur tekið við samkvæmt Lenka-viðtakamati sem gert var fyrir þremur árum. Talið er að losun á lífrænum efnun hafi aukist lítillega síðan þá.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila er vísað til flokkunar viðtaka skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Fram kemur að af fyrirliggjandi gögnum megi ráða að umrætt hafsvæði eigi að flokkast undir síður viðkvæman viðtaka samkvæmt skilgreiningu í reglugerð 798/1999. Umhverfisstofnun vekur athygli á að markmið reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólþs. Skilgreining á síður viðkvæmum viðtaka skv. reglugerðinni varðar fyrst og fremst losun skólþs og er notuð, að undangengnu mati, til ákvörðunar um hvernig hreinsun skal nota á hverjum stað t.d. 1. eða 2. þrepa. Samkvæmt ákvæðum OSPAR samningsins sem Íslendingar eru aðilar að skal flokka hafsvæði m.t.t. næringarefna auðgunar (eutrophication). Hafsvæðið við Ísland hefur verið skilgreint sem "non-problem" svæði (a

non-problem area with regard to eutrophication). M.t.t. framangreinds telur Umhverfisstofnun að framvegis skuli ekki eingöngu nýta ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ við mat á áhrifum fiskeldis á viðtakann heldur þurfi að meta heildaráhrif þ.m.t. hver þynningin verður og uppsöfnun næringarefna.

### Umfjöllun:

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsend gögn. Að mati stofnunarinnar eru nokkrir þættir varðandi fyrirhugað laxeldi sem ekki er fjallað nægilega vel um. Þar má nefna hugsanleg áhrif ísreks á sjókvíarnar og áhrif þess á t.d. slysasleppingar. Eingöngu er vísað til reynslu í Mjóafirði, gerð kvía og þeirrar trúar forsvarsmanna Íslandslax að ís/krapí muni ekki hafa skaðleg áhrif. Einnig er lítil sem engin umfjöllun um hugsanleg áhrif slysasleppinga á laxveiðiár bæði hvað varðar „erfðamengun“ eða sjúkdóma og hvernig brugðist verður við.

Friðlýstar hverastrýtur eru á 65 m dýpi en ná annars vegar upp á u.þ.b. 33 m og hins vegar u.þ.b. 15 m dýpi en sérstaða strýtanna felst að miklu leyti í því hvað hæð þeirra er óvenju mikil. Sjókvíarnar hafa dýpt um 28 m (bls. 3 í innsendri skýrslu). Það er því ljóst að ef kvíarnar losna t.d. vegna ísreks geta þær hugsanlega skaðað strýturnar sem eru aðeins í 1,9 km fjarlægð.


### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur, með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um Lenka-viðtakamat og núverandi eldi í Eyjafirði, að ekki séu líkur á að laxeldi í Ystuvík valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum m.t.t. mengunar. Umhverfisstofnun telur skorta á umfjöllun um slysasleppingar bæði hvað varðar hugsanlegt magn og áhrif slysasleppinga á nærliggjandi laxveiðiár til dæmis m.t.t. sjúkdóma og „erfðamengunar“. Umhverfisstofnun telur að ef kvíarnar losna upp geti þær valdið umtalsverðum skaða á friðlýstum hverastrýtum í Eyjafirði. Ekki er sýnt fram á að svo verði ekki.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson



Sigurrós Friðriksdóttir